1. Að því er tekur til innlendrar framleiðslu skulu gilda ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða settra samkvæmt þeim.
2. Að því er tekur til innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, svo og reglugerða settra samkvæmt þeim.

14. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar sérstaks vörugjalds hinn 15. maí 1976.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 86 1. júní 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 238 31. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald og reglugerðir nr. 465 31. desember 1977 og nr. 86 20. febrúar 1978 um breyting á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 1. júní 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Björn Hafsteinsson.

8. júní 1978. Nr. 218.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun á eftirstöðvum gengismunar samkvæmt lögum nr. 97/1972, nr. 106/1974 og nr. 27/1975, til stofnunar nýs lánaflokks við Fiskveiðasjóð Íslands til hagræðingar í fiskiðnaði.

1. gr.

Stofna skal við Fiskveiðasjóð Íslands nýjan lánaflokk er heiti: „Lán til hagræðingar í fiskiðnaði".

2. gr.

Eftirstöðvar gengismunar samkvæmt lögum nr. 97/1972, nr. 106/1974 og nr. 27/1975, sem nemur alls um 545 millj. kr., þar með talin lán sem búið er að veita, skulu ásamt óinnheimtum vöxtum, vera stofnframlag til þessa lánaflokks, að fullnægðum sérstökum ákvæðum téðra laga um ráðstöfun þessa fjár.

3. gr.

Úr þessum lánaflokki skulu veitt lán til hraðfrystihúsa, fiskimjölsverksmiðja og annarra fiskvinnslustöðva til hagræðingar, svo sem vélakaupa, endurnýjunar á vélum og vinnslurásum og annarra ráðstafana, sem horfa til hagræðingar að mati sjóðsstjórnar.

4. gr.

Lánin skulu vera til allt að 5 ára og ákveður sjóðsstjórn lánstíma eftir eðli hvers láns.

Vextir af lánum þessum skulu ekki vera hærri en almennir fasteignalánsvextir eru hverju sinni og ákvarðast af sjóðsstjórn.

Gjalddagar afborgana og vaxta skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextirnir eftirá.

5. gr.

Lán þessi skulu tryggð með veði í atvinnuhúsnæði lántakanda ásamt vélum og búnaði innan 70% af matsverði eða 50% af brunabótamati hins veðsetta. Nægi ekki umrædd veð, er stjórn sjóðsins heimilt að taka þau önnur veð eða ábyrgðir, sem hún telur fullnægjandi.

6. gr.

Að öðru leyti skulu um þessi lán gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 5. gr. laga nr. 97 20. desember 1972 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, g-lið 9. gr. laga nr. 106 31. desember 1974 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar og j-lið 1. gr. laga nr.. 55 27. maí 1975 um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa, til þess að öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þau lán sem veitt hafa verið af umræddu gengismunafé við útgáfu þessarar reglugerðar, sbr. 2. gr., skulu njóta hagstæðustu kjara þessa nýja lánaflokks.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júní 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

Stjórnartíðindi B 18, nr. 197—218. Útgáfudagur 15. júní 1978.